

Hvernig á að fá sem mest út úr lista og menningarráði

Eftir Arts for Young Audiences, Norway (Kulturtanken)


Þakka þér kærlega fyrir að vilja vera meðlimur í lista og menningarráði! Við lofum þér spennandi verkefnum, þú lærir margt nýtt og öðlast nýja reynslu.

Í þessum leiðarvísi köllum við þá sem koma í skólann þinn sviðslistafólk. Það er til dæmis tónlistarfólk, leikarar, listamenn eða flytjendur. Sviðslistafólk færir þér og samnemendum þínum listupplifun í gegnum tónlist, leikhús, dans, sirkús, bókmenntir, myndlist, hönnun og kvikmyndir.

Starfið þitt í lista og menningarráði er mjög mikilvægur hlekkur í því að þessar heimsóknir gangi sem allra best.



Photo: Kulturtanken/Erik Brandsborg



Efni

| | |
|--|----|
| Undirbúningur | 3 |
| • Leitið upplýsinga | 3 |
| • Áttaðu þig á þörfum | 3 |
| • Hafðu samband | 3 |
| Kaffi | 4 |
| Að taka á móti | 4 |
| • Hverju þarftu að muna eftir? | 4 |
| • Finndu út hverjar þarfir listamannsins eru | 5 |
| • Gerðu aðeins meira en minna! | 5 |
| Skipulagning áhorfenda | 5 |
| • Undirbúningur | 5 |
| • Inngangur | 6 |
| • Á meðan á viðburði stendur | 6 |
| • Eftir viðburðinn | 7 |
| Hugtök | 8 |
| Ráðleggingar um notkun | 10 |



Undirbúningur

Það skiptir miklu máli að vera vel undirbúinn þegar þú skipuleggur og tekur á móti sviðslistafólki í skólanum þínum. Ef upp koma vandamál er auðveldara að finna lausnir.

Leitaðu upplýsinga

Leitaðu að viðeigandi vefsíðum eða upplýsingaefni þar sem þú getur lesið um efni væntanlegs viðburðar, upplýsingar um flytjendur og hagnýt atriði sem mikilvægt er að vita um.

Áttaðu þig á þörfum listafólksins

Reyndu að komast að því hvað listafólkið þarf. Lestu allt um viðburðinn mjög vandlega. Notaðu minnisbók og skrifaðu minnispunkta. Þá getur þú útbúið flottan gátlista sem þú getur notað fyrir og meðan á heimsókninni stendur.

Punktur um mikilvæg atriði sem gott er að skrifa niður:

- Dagsetning viðburðar.
- Tímalengd viðburðar og hvort sýningarnar verði í eitt eða fleiri skipti saman daginn
- Tími uppsetningar.
- Hvort þörf sé á því að hjálpa til við að bera hluti.
- Fjöldi áhorfenda.
- Óskir um sérstök rými.

Hafðu samband

Hafðu samband við listafólkið fyrir heimsóknina ef þú hefur einhverjar spurningar eða þarft að upplýsa þau um eitthvað. Menningartengillinn ber meginábyrgð á samskiptum við listafólkið svo vertu viss um að vera í samstarfi við hann og sammála um hvað þú þarft að vita og hverjir hafa samband. Margt listafólk hefur samband við menningartengilinn áður en þeir koma.

Mundu:

- Að kynna þig þegar þú hefur samband. Segðu til nafns og nafnið á skólanum og svo nafnið á væntanlegum viðburði. Þú skalt einnig láta vita að þú sért meðlimur í lista og menningarráði skólans.
- Listafólkið þarf að vita af því ef boðið er upp á mat á meðan á heimsókninni stendur. Mundu þá eftir því að spyrja út í hvort einhver sé með ofnæmi.



Kaffi

Flestum þykir gott að fá eitthvað að drekka. Kaffi er mjög mikilvægt fyrir marga fullorðna, en þeir vilja kannski líka eitthvað annað, eins og te, vatn eða safa. Biddu fullorðinn um hjálp ef þú hefur ekki búið til kaffi áður.

Að taka á móti

Að vera gestgjafi eða meðlimur í lista og menningarráði er mikilvægasta hlutverkið á viðburðum! Það er mjög mikilvægt að taka það alvarlega svo listafólkið fái góða upplifun í heimsókn sinni.

Hverju þarftu að muna eftir?

Hér eru nokkur ráð:

- Lærðu nöfnin á listafólkinu og ávarpaðu þau með nafni þegar þú tekur á móti þeim.
- Taktu á móti listafólkinu í anddyrinu eða á bílastæðinu á þeim tíma sem búið er að ákveða. Þannig þurfa þau ekki að byrja á því að leita að þér þegar þau koma og geta því hafist strax handa við uppsetningu.
- Kynntu þig fyrir þeim og láttu þau vita að þú sért til þjónustu reiðubúinn fyrir þau
- Mundu eftir að gefa listafólkinu mikilvægar og hagnýtar upplýsingar.

Mikilvægar hagnýtar upplýsingar fyrir listafólk:

- Hvar viðburðurinn verður haldinn.
- Hvar fatahengi, kaffistofa og salerni eru staðsett.
- Hvernig þú hefur ákveðið skipulag á áhorfendum.



Photo: Kulturtanken/Erik Brandsborg



Finndu út þarfir listafólksins

Punktur um atriði til að spyrja listafólk út í fyrir viðburðinn:

- Hvernig getum við sem meðlimir lista og menningarráðs aðstoðað ykkur á sem bestan hátt yfir daginn?
- Viltu að við séum viðstödd undirbúninginn fyrir viðburðinn?
- Má bjóða ykkur kaffi eða eitthvað annað að drekka?
- Viljið þið að við kynnum viðburðinn og er eitthvað sérstakt sem þið viljið að við segjum?
- Er í lagi að við stígum fram og segjum nokkur orð við áhorfendur eftir viðburðinn?
- Hafið þið einhverjar athugasemdir eða tillögur í sambandi við skipulagningu áhorfenda?

Gerðu aðeins meira en minna!

Allir kunna að meta að vel sé tekið á móti þeim. Það skiptir ekki máli hvort þú gerir eða segir eitthvað rangt. Vertu þú sjálfur og notaðu skynsemina ef þú lendir í vandræðum. Góðar móttökur eru það sem listafólkið minnst og verður dagurinn betri fyrir alla fyrir vikið.

Skipulagning áhorfenda

Áhorfendur skipta miklu máli í lokaútkomu viðburðarins. Sem meðlimur lista og menningarráðs verður þú að tryggja að öllum líði vel og að upplifunin verði sem best. Stjórnun áhorfenda getur þó verið frekar erilsöm. Það er því mikilvægt að gera góða áætlun.

Undirbúningur

Listafólk er sérfræðingar í að veita áhorfendum margvíslega upplifun. Því er mikilvægt að hlusta á hvað listafólkinu finnst um skipulagningu áhorfenda. Sumum finnst gaman að lista og menningarráðið sjái um mismunandi verkefni og að ýmislegt gæti þá gerst á leiðinni. Aðrir myndu frekar kjósa að gera flest sjálfir. Það fer eftir stærð og formi hvers viðburðar hversu mikla aðstoð flytjendur þurfa.

Punktur yfir hluti sem þú myndir vilja komast að:

- Hvernig vilja flytjendur að áhorfendur séu á meðan á viðburðinum stendur? Eiga þeir að vera virkir og taka þátt, eða rólegir og hlusta?
- Við hvaða aðstæður á viðburðinum vilja listamennirnir að þú hjálpir?
- Hvað finnst listafólkinu um þær aðferðir sem þú vilt nota við skipulagningu áhorfenda?
- Hvað finnst listafólkinu um að nemendur komi fram til að tala eða spyrja spurninga eftir viðburðinn?



Inngangur/Aðkoma

Sumar sýningar og viðburðir eru hugsaðir fyrir nokkra nemendur í kennslustofu. Aðrar fara fram í íþróttahúsinu, salnum eða í annarri stórru stofu í skólanum. Sama hvar það gerist er mikilvægt að listafólkið geti undirbúið sig vel. Lista og menningarráðið ætti að vera til staðar til að aðstoða, en það er mikilvægt að trufla ekki.

Hér eru nokkrar ábendingar:

- Ekki hleypa neinum inn, sem hefur ekkert með viðburðinn að gera, áður en hann er tilbúinn. Það er aðeins tilbúið til inngöngu þegar listafólkið tilkynnir það.
- Búðu til áætlun eða miða í sætin sem sýnir hvaða bekkir ættu að sitja hvar. Ekki hika við að stilla bekkjunum upp fyrir utan. Hægt er að skipuleggja biðröðina í sömu röð og nemendur eiga að sitja meðan á sýningu stendur.
- Það er skynsamlegt að hleypa þeim inn fyrst sem eiga að sitja í fremstu röð og fylla svo restina af herberginu sömu leið, aftur á bak röð fyrir röð.
- Ef bæði yngri og eldri nemendur eru viðstaddir á sama tíma er skynsamlegt að láta unga nemendur sitja fremst.
- Gakktu úr skugga um að allir, þar á meðal kennarar, slökkvi á farsímum og leggi þá frá sér.

Á meðan á viðburði stendur

Þegar viðburðurinn hefst er mikilvægt að tekið sé tillit til upplýsinga sem þú hefur fengið frá listafólkinu.

Hér eru nokkrar ábendingar:

- Ef einhver truflar þá er ráðlegt að gefa ekki frá sér hávaða. Þá truflar þú líka. Farðu frekar hljóðlega og biðu nemandann eða kennarann fallega að hætta að tala.
- Sumt fólk gleymir sé auðveldlega og þarf að minna á nokkrum sinnum að hafa hljóð. Það getur hjálpað að setjast niður við hlið viðkomandi nemanda. Stundum er smá klapp á bakið eða augnaráð jafn áhrifaríkt og orð.
- Ef einhver er seinn eða þarf að fara á salernið, fylgdu þeim inn/út og lokaðu hurðinni hljóðlega og varlega.
- Biddu kennara eða menningartengil um aðstoð ef eitthvað verður of erfitt fyrir þig.
- Ef kennarar eða aðrir fullorðnir eru með hugann við annað á meðan á sýningunni stendur má minna á að það er gaman ef þeir gefa sýningunni gaum og eru þá í leiðinni góðar fyrirmyndir nemenda.



Eftir viðburð

Þegar viðburði lýkur er mikilvægt að þú sért með jafn gott skipulag og þegar þú hleyptir áhorfendum inn. Það er eðlilegt að það verði meiri hávaði frá áhorfendum eftir viðburðinn. Sumir nemendur geta verið eirðarlausir eftir að hafa setið kyrrir um stund og vilja flýta sér út í frímínútur, á meðan aðrir telja þörf á að spjalla um hvernig þeir upplifðu viðburðinn.

Hér eru nokkrar ábendingar:

- Kveiktu ljósin.
- Farðu á undan og þakkaðu listafólkinu. Hægt er að hvetja áhorfendur til að klappa aukalega.
- Ef listafólkinu gefst ekki tækifæri til að ræða við áhorfendur í kjölfarið þarf að upplýsa nemendur um það.
- Ef þú veist að búið er að gera efni til að vinna eftir viðburðinn getur þú upplýst nemendur um það.
- Leiðbeindu nemendum hvernig þeir eiga að að yfirgefa salinn bekk fyrir bekk. Þeir sem eru í fyrstu röðinni fara fyrst, síðan önnur röðin og svo framvegis. Gakktu úr skugga um að hurðinni sé haldið opinni.
- Þjóddu listafólkinu aðstoð við að ganga frá og bera.



Photo: Marked for Musikk / Frank Tindvik



Hugtök

Sem meðlimur lista og menningarráðs getur þú rekist á orð og orðasambönd sem eru framandi eða erfið. Hér er stutt útskýring á sumum þeirra sem eru oft notuð.

- **Viðburður**
Viðburðurinn sem listamennirnir hafa undirbúið, sem er valinn til að koma í skólann þinn.
- **Sýning**
Bara þessi eina sýning. Sama framleiðsla getur verið með nokkrar sýningar í skólanum þínum, svo sem sýningu fyrir hádegi og nýja sýningu eftir hádegi. Sumar sýningar geta staðið yfir í klukkutíma, aðrar geta staðið yfir í heilan dag.
- **Flytjendur**
Flytjendur geta verið sviðslistafólk, kynnar og tæknifólk sem annað hvort koma í heimsókn í skólann þinn eða þú heimsækir þau.
- **Menningartengill**
Fullorðinn einstaklingur í skólanum þínum sem ber aðalábyrgð á öllum lista og menningar heimsóknum yfir árið.
- **Lista og menningarráð**
Það ert þú! Meðlimir lista og menningarráðs geta líka verið kallaðir menningar gestgjafar, nemenda gestgjafar eða bara listaráð.



Photo: Kulturtanken/Lars Opstad



- **Róta upp**
Bera inn og setja upp allan búnað fyrir viðburð.
- **Róta niður**
Taka niður allan búnað eftir viðburð.
- **Aðstoð við burð**
Nemendur og kennarar sem hjálpa listafólki við að bera inn búnað fyrir viðburð.
- **Rafmagns innstungur**
Innstungur
- **Myrkvun**
Hylja alla glugga þannig að ekkert ljós komist inn.
- **Vinnustofa**
Eitthvað sem þú sækir ásamt listafólkinu.
- **Óskalisti (Rider)**
Listi yfir ólíkar þarfir listafólksins, td. matur, drykkur og tæknibúnaður.
- **Hljóðkerfi**
Stórir hátalarar. Þeir standa oft við hliðina á sviðinu og snúa beint að áhrofundum.
- **Hljóðmixer (blandari)**
Hljóðblöndunartæki þar sem hljóðfæri og hljóðnemar eru tengdir. Vírar liggja frá blöndunartækinu að hátölurum.
- **Feedback**
Einstaklega vont hljóð sem þú framkallast ef hljóðnemi kemst of nálægt hátalara.
- **Tjáningarform**
Mismunandi tjáningaform sviðslista sem þú upplifir í sviðslista heimsóknnum.



Ráðleggingar um notkun

Þessi leiðarvísir er hannaður til notkunar með [norsku kvikmyndunum HVERNIG Á AÐ](#), 1-5. Hver mynd tekur frá 3-6 mínútur. Mælt er með því að horfa á kvikmyndirnar í réttri röð og nota tilheyrandi kafla í leiðarvísinum á eftir.

